

Hero production ehf.
Súðarvogur 7
104Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2021
UST202109-275/F.P.
09.06.01

Efni: Leiðbeinandi bréf - Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Dynjandi

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hero production ehf., dagsett 28.9.2021, um kvikmyndatöku innan Dynjanda.

Dynjandi er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 348/1971. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun getur skv. 4. gr. friðlýsingarskilmála svæðisins sett reglur um aðgang almennings að svæðinu og dvöl þar. Samkvæmt umgengnisreglum svæðisins er drónaflug innan þess óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku við Dynjanda dagana 9. og 13. október 2021, í 2-3 klukkustundir í senn. Tilgangur kvikmyndatakan er gerð heimildarmyndar. 14 manns koma að verkefninu ásamt einum hundi. Kvikmyndatakan mun fara fram vestan megin við Dynjanda, frá bílastæði að Hundafossi. Notast verður við hefðbundnar kvikmyndatökuvélar þann 13. október og tvenns konar flygildi þann 9. október, sem munu fljúga í 20-110m hæð. Ekki er gert ráð fyrir raski.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun metur út frá upplýsingum umsækjanda og þeim reglum sem gilda um svæðið sbr. auglýsing um friðlýsingu og stjórnunar- og verndaráætlun að verkefnið sé ekki leyfisskylt af hálfu stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun vekur athygli á 6. gr. laga nr. 60/2013 um almenna aðgæsluskyldu þar sem fram kemur að öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leiðbeiningar

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að drónar sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Umhverfisstofnun mælist til þess að hundurinn sé hafður í taumi og að úrgangur sé hirtur upp eftir hann.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að kvikmyndatökuliðið sýni öðrum gestum tillitssemi og valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að tökulið stífli ekki umferð annarra gesta um göngustíga og aðkomu að svæðinu frá bílastæði.

Virðingarfyllst

Edda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur

Freyja Pétursdóttir
sérfræðingur